

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. febrúar 2013

Tilvísun: 201301-0112/0.03.02

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um velferðarstefnu – heilbrigðisáætlun til ársins 2020, þingskjal 604-470. mál.

Við er til beiðni velferðarnefndar Alþingis um umsögn um ofangreinda tillögu að þingsályktun sem barst í tölvupósti, dags. 24. janúar 2013.

Vinnueftirlit ríkisins gerir eftirfarandi athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar:

Atvinnuþátttaka og starfsendurhæfing (A.3)

Vinnueftirlitið gerir athugasemdir við orðalag 3. töluliðar mælikvarða liðar A.3 og 4. töluliðar aðgerða liðar A3 fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar. Stofnunin telur málfarið ekki nægjanlega skiljanlegt og ekki í samræmi við viðteknar venjur. Vinnueftirlitið telur einnig að í 4. töluliðar aðgerða liðar A3 sé nauðsynlegt að gera rannsóknir á slysum og vinnuumhverfi, en gera má ráð fyrir að þar sé að finna orsakir ótímabærar örorku og forfalla á vinnumarkaði. Af framangreindum ástæðum bá gerir Vinnueftirlitið það að tillögu sinni að eftirfarandi breytingar verði á lið A.3 fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar:

- a. Í stað 3. töluliðar mælikvarða liðar A.3 komi nýr töluliður svohljóðandi: *Lækka hlutfall íbúa sem þurfa 75% örorkumat á aldrinum 18-66 ára úr 7,3% 2010 í 5,7% árið 2020.*
- b. Á eftir orðinu „m.a.“ í 4. tölulið aðgerða liðar A3 komi ný setning svohljóðandi: *vinnuumhverfi, afleiðingar atvinnuleysis, slysa og ofbeldis verði könnuð sérstaklega.*

Slysa- og ofbeldisvarnir (B.5)

Vinnueftirlitið telur á í mælikvarða liðar B.5 fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar vanti nýja töluliði 3. og 4. og í aðferðir liðar B.5 fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar vanti nýja töluliði 5. og 6. Umferðarslys og vinnuslys eru í þeim slysaflokkum þar sem núllsýn með tilliti til slysavarna er raunhæf. Núllsýn felur í sér samhentar aðgerðir sem miða að því að engin óhöpp verði og ef þau verða að þá verði ekki slys á fólki. Í samræmi við þetta er mikilvægt að stefna að því að slysum í vinnu og umferð fækki um 25%. Af framangreindum

ástæðum þá gerir Vinnueftirlitið það að tillögu sinni að eftirfarandi breytingar verði á lið B.5 fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar:

- a. Á eftir 2. tölulið mælikvarða liðar B.5 komi nýr 3. töluliður svohljóðandi:
Umferðarslysum með líkamstjóni fækki um 25%.
- b. Á eftir 3. tölulið mælikvarða liðar B.5 komi nýr 4. töluliður svohljóðandi:
Vinnuslysum fækki um 25%.
- c. Á eftir 4. töluliðar aðgerða liðar B.5 komi nýr 5. töluliður svohljóðandi: *Núll slysasýn verði innleidd í umferðarmálum.*
- d. Á eftir 5. töluliðar aðgerða liðar B.5 komi nýr 6. töluliður svohljóðandi: *Núll slysasýn verði innleidd á vinnustöðum (sjá B.10).*

Vinnutengd heilsa (B.10)

Vinnueftirlitið telur að í aðgerðum liðar B.10 fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar vanti nýjan tölulið 4. Reynsla, síðustu ára sem sýnir aðgerandi minni líkur á slysum meðal aðila sem hafa tileinkað sér núllslysasýn, kallar á að hið opinbera sé með forystu á þessu sviði og hafi í framkvæmdum á sínum vegum einvörðungu verktaka með þá stefnu. Af framangreindum ástæðum þá gerir Vinnueftirlitið það að tillögu sinni að eftirfarandi breytingar verði á lið B.5 fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar:


Á eftir 3 tölulið aðgerða liðar B.10 komi nýr 4. töluliður svohljóðandi: *Gerð verði sú krafa að núllslysasýn verði hjá öllum verktökum sem vinna á vegum opinberra aðila fyrir árið 2016.*

Að öðru leiti gerir Vinnueftirlitið ekki athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar að svo stöddu.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins



Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri



Kristinn Tómasson
yfirlæknir